

Rit 1 - 2008

Ragnar F. Ólafsson

Mat á árangri af Olweusaráætlun
gegn einelti



EFNISYFIRLIT

Stutt yfirlit niðurstaðna.....	3
Inngangur.....	4
Greining á spurningalista nemenda: Gagnasafn Olweusaráætlunarinnar 2005 til 2007	6
Polendur eineltis: Breytingar milli ára í einstökum skólum.....	6
Möguleg áhrif mismunandi kynja- og aldurssamsetningar þátttakenda milli ára?	6
Hversu lengi er viðkomandi lagður í einelti?	7
Gerendur eineltis: Breytingar milli ára í einstökum skólum.....	7
Ólíkar birtingarmyndir eineltis.....	7
Hversu margir hafa lagt viðkomandi í einelti og hversu lengi hefur eineltið varað?.....	8
Hvar á eineltið sér stað?	9
Hverjum er sagt frá eineltinu ?.....	10
Viðhorf og breytni annarra	11
Gerendur	11
Afskipti af gerendum.....	12
Samantekt á greiningu á nemendalista Olweusarverkefnisins fyrir árin 2005 til 2007.....	14
Viðtöl við aðstandendur Olweusarkerfisins	15
Niðurstöður.....	15
Gagnasafn Námsmatsstofnunar um einelti	17
Niðurstöður	17
Áhrif þátttöku árið 2003	18
Áhrif þátttöku árið 2004	18
Áhrif þátttöku árið 2005	19
Áhrif þátttöku árið 2006.....	19
Samantekt úr greiningu á gagnasafni Námsmatsstofnunar	20
Spurningalisti framkvæmdastjóra Olweusarverkefnisins til skólastjóra vor 2008.....	21
1. Opnar spurningar	21
2. Megindlegar spurningar	22
Samtöl við skólastjóra í skólum sem ekki höfðu svarað spurningalista.....	23
Lokaorð.....	25
Heimildir.....	26
Viðauki	27

Stutt yfirlit niðurstaðna

Mælingar á einelti í gagnasafni Olweusarverkefnisins frá 2005 til 2007 benda ekki til þess að einelti hafi minnkað í þeim skólum sem tóku þátt öll þrjú árin, þvert á móti. Hins vegar eru vísbendingar um skýrari viðbrögð gegn einelti og jákvæðari viðhorf til þolenda. Einnig virðist eftirlit geta skipt máli í þá veru að minnka einelti á einstökum stöðum í skólanum, en slík áhrif þarf að rannsaka í hverjum skóla í tengslum við aðgerðir á hverjum stað. Í ljósi þessara jákvæðu þátta má e.t.v. gera ráð fyrir að aukning á einelti endurspegli meiri getu, vilja og þor nemenda til þess að þekkja og greina frá einelti sem þeir sjáfir eða aðrir verða fyrir. Hins vegar kemur á óvart að ekki skuli koma fram jákvæður árangur á beinum mælingum á einelti á þessu tímabili. Þetta er í töluverðri andstöðu við niðurstöður frá fyrsta ári áætlunarinnar, sem sýndi mikinn árangur. Erfitt er að átta sig á því hvað geti valdið þessum mismun.

Mælingar Námsmatsstofnunar á einelti í úrtaki skóla sem annars vegar taka þátt í Olweusarverkefninu og hins vegar taka ekki þátt benda til þess að engan mun sé að finna á umfangi eineltis í skólum í þessum tveimur hópum. Byggja þessar niðurstöður á samanburði nemenda í 4. bekk og 7. bekk á árunum 2002 til 2006.

Niðurstöður bentu einnig til þess að einelti í skólum sem skráðu sig til þátttöku í Olweusaráætluninni árið 2002 væri hvorki meira né minna en eineltið í skólum sem voru ekki skráðir í verkefnið.

Viðtöl við aðstandendur Olweusaráætlunarinnar í nokkrum skólum benda til þess að mikil ánægja sé með þann stuðning sem verkefnið fær frá framkvæmdastjóra verkefnisins hér á landi. Þótt sumir skólar telji sig vel geta staðið á eigin fótum nú hvað varðar áframhaldandi framkvæmd verkefnisins er ljóst að margir telja innlegg frá framkvæmdastjóra nauðsynlegt til þess að halda við þekkingu og hvatningu í einstökum skólum.

Olweusarverkefnið hefur virkað vel í öðrum löndum, betur en önnur kerfi. Því koma ofangreindar niðurstöður úr meginlegum gögnum á óvart. Mælt er með því að minnsta kosti að frekari mælingar verði gerðar á því hvernig framkvæmd verkefnisins gengur fyrir sig í hverjum skóla til þess að unnt sé að átta sig á því hvort mismunandi framkvæmd í hverjum skóla leiði til mismunandi árangurs. Eins og staðan er núna, er ekki unnt að tengja niðurstöður eineltismælinga í hverjum skóla við ítarlegar upplýsingar um framkvæmd verkefnisins á hverjum stað. Vegna takmarkana við túlkun spurningalista við mat á einelti væri æskilegt að beitt yrði fleiri aðferðum við mat á umfangi eineltis í skólum, t.d. vettvangsrannsóknum.

Inngangur

Í erindisbréfi menntamálaráðuneytis vegna úttektar á Olweusarverkefninu kemur fram að Olweusarverkefnið gegn einelti er samstarfsverkefni menntamálaráðuneytisins, Sambands íslenkra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands, Heimilis og skóla, Kennarháskóla Íslands og Námsgagnastofnunar. Verkefnið byggir á kenningum og aðferðafræði Dan Olweusar og hófst með því að samningur var gerður við Þorlák Helgason árið 2002, sem síðar var endurnýjaður árið 2006. Samningurinn rennur út 2008. Á þessu tímabili hafa 85 grunnskólar komið að verkefninu og nær það því til um helmingss grunnskólanemenda á landinu. Kannanir hafa verið lagðar fyrir nemendur í 4. til 10. bekk á tímabilinu frá 2002 til 2007. Ráðuneytið hafði árið 1999 látið gera úttekt á umfangi og eðli eineltis í íslenskum skólum (Ragnar Ólafsson og féll. 1999).

Erlendar rannsóknir benda til þess að Olweusarverkefnið sé árangursríkt og best þeirra áætlana sem taka til skólans sem heildar. Í nýju yfirliti yfir rúmlega 500 skýrslur um árangur af ýmsum verkefnum gegn einelti eru nefnd ýmis atriði sem rannsóknir sýni að skipti máli varðandi árangur. Meðal þeirra eru sérstök þjálfun foreldra, aðferðir við að halda aga, aukið eftirlit á leikvelli, skólaráðstefnur, upplýsingar veittar foreldrum, bekkjarreglur, bekkjastjórn, og myndbönd. (Ttofi, Farrington og Baldry, 2008).

Menntamálaráðuneytið fól Námsmatsstofnun að gera mat á því hvort Olweusaráætlunin gegn einelti hefði náð því takmarki sínu að draga úr einelti í þáttökuskólum, náð að festast í sessi í skólunum og gera tillögur um áframhaldandi vinnu gegn einelti í grunnskólunum.

Námsmatsstofnun fékk ýmis gögn í hendur frá menntamálaráðuneyti og framkvæmdastjóra Olweusaráætlunarinnar, Þorláki Helgasyni, sem höfð voru til hliðsjónar. Einnig hafði Námsmatsstofnun safnað eigin gögnum um einelti í grunnskólum landsins. Einkum var leitast við að svara þeirri spurningu hvort einelti hefði minnkað á þeim tíma sem verkefnið hefur staðið yfir. Gagnasöfnum sem unnið var úr er lýst hér á eftir stuttlega. Síðar er fjallað um niðurstöður hverrar greiningar fyrir sig í einstökum hlutum skýrslunnar. Þeir eru eftirfarandi:

1. Gagnasafn með niðurstöðum spurningalista sem Olweusarverkefnið leggur fyrir í hverjum skóla. Unnið var með gögn frá 2005 til 2007, samtals rúmlega 41 þúsund þátttakendur. Einkum var áhersla á að greina niðurstöður í þeim skólum sem tóku þátt í könnuninni öll þrjú árin sem gagnasafnið náði til, enda markmiðið að kanna hvort breyting hefði átt sér stað á einelti á þessu tímabili og því mikilvægt að ávallt væri um sömu skóla að ræða. Námsmatsstofnun fékk einnig send gögn frá fyrsta ári áætlunarinnar, en niðurstöður úr því hafa verið kynntar víða og því ekki lögð áhersla á þau hér.
2. Tekin voru símaviðtöl við aðstandendur Olweusarverkefnisins í 13 skólum sem hófu þáttöku í verkefninu árin 2002 og 2004. Markmiðið var að kanna kosti og galla kerfisins að mati svarenda, notagildi eineltiskannana, sem gerðar eru árlega og hugmyndir viðmælenda um afleiðingar þess ef utanaðkomandi aðstoð við framkvæmd Olweusaráætlunarinnar yrði hætt. Viðmælendur voru beðnir um að geta sér til um hvaða afleiðingar það hefði fyrir framkvæmd eineltisvarna í skólanum.
3. Gagnasafn Námsmatsstofnunar er frá árunum 2002 til 2006. Þar er um að ræða svör úrtaks nemenda sem svöruðu sérstökum spurningalista í tengslum við samræmd próf 4. bekkjar og 7. bekkjar á þessu árabili. Fimm spurningar sem byggja á ytarlegri

ránnsókn Ránnsóknastofnunar uppeldis- og menntamála (nú Námsmátsstofnun) eru notaðar sem mælikvarði á einelti í tilviljunarúrtaki bekkja af öllu landinu.

4. Spurningalisti sem framkvæmdastjóri Olweusarverkefnisins lagði fyrir skólastjóra í Olweusarverkefninu var greindur. Opnar spurningar og lokaðar meginlegar spurningar voru notaðar til þess að spá fyrir um meðaleinelti í viðkomandi skólum. Var þetta gert í samræmi við þá tilgátu að ýmis atriði varðandi framkvæmd verkefnisins í hverjum skóla gætu haft áhrif á útkomuna.
5. Tekin voru símaviðtöl við skólastjóra sem ekki svöruðu spurningalistanum í 3. lið hér að ofan og grennslast fyrir um stöðu mála varðandi eineltisverkefnið.

Hér á eftir er greint frá niðurstöðum þessara athugana.

Greining á spurningalista nemenda: Gagnasafn Olweusaráætlunarinnar 2005 til 2007

Alls tóku 88 skólar þátt í könnuninni. Af þeim tóku 19 skólar aðeins þátt í könnuninni 1 árið, og því er ekki unnt að nota þá í mati á breytingu innan skóla á einelti milli ára. 69 Skólar tóku því þátt a.m.k. 2 af 3 mögulegum árum og voru kannaðar breytingar á einelti í þessum skólum milli ára (2 eða 3 ára eftir atvikum). 35 skólar tóku þátt í könnuninni öll árin þrjú og er greiningin takmörkuð við þá skóla nema annað sé tekið fram.

Þolendur eineltis: Breytingar milli ára í einstökum skólum.

Kannað var hvort einelti hefði breyst á þeim þremur árum sem spurningalistinn var lagður fyrir í þátttökuskólum. Marktæk aukning varð síðasta árið ($F(2,25344)=11,139;p=0,001$) *

Tafla 1: Einelti árin 2005 til 2007 í 35 þátttökuskólum: Meðaltal og staðalfrávik.

Ár	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik
2005	7439	1,33	,829
2006	11132	1,34	,820
2007	6776	1,39	,900

Athugun á breytingum í einstökum skólum sem tóku þátt a.m.k. tvö árin í eineltiskönnuninni sýndi að í langflestum tilfellum var ekki marktækur munur á einelti í þessum skólum. Einelti hafði aukist í 8 skólum og minnkað í 2 skólum. Í öðrum 2 skólum hafði einelti aukist fyrst en lækkað svo aftur, í 1 skóla hafði eineltið minnkað fyrst, en aukist svo aftur. Í 56 skólum var eineltið óbreytt.

Möguleg áhrif mismunandi kynja- og aldursamsetningar þátttakenda milli ára?

Hafa ber í huga að við þessa útreikninga var ekki leiðrétt fyrir áhrif kyns og aldurs. Hugsanlega hefur kynja- og aldursamsetning nemenda verið að einhverju leyti ólík milli ára í þessum skólum, en það getur haft áhrif á niðurstöður, enda vel þekkt að einelti er meira meðal stráka og yngri barna. Gerð voru Kí-kvaðrat próf til þess að bera saman kynjasamsetningu þátttakenda í hverjum skóla þau ár sem könnunin var lögð fyrir. Í aðeins einum skóla hafði átt sér stað marktæk breyting á samsetningu kynja þau ár sem prófað var. Stelpum hafði fjölgað hlutfallslega meðal þátttakenda. Miðað við þá almennu staðreynd, að einelti er yfirleitt minna meðal stúlkna, hefði mátt búast við því að einelti hefði farið minnkandi þessi ár í skólanum, en því var öfugt farið. Þetta var einmitt einn þeirra skóla sem eineltið jókst í. En í ljósi þess að kynjasamsetning er svipuð frá ári til árs í öllum skólum nema einum, þá verða niðurstöður um litlar breytingar á einelti milli ára ekki skýrðar með vísun í breytta kynjasamsetningu þátttakenda.

Aldursmunur milli ára var einnig kannaður í hverjum skóla. Í 9 tilfellum var aldursamsetning ólík eftir árum. Í 5 skólum jókst aldur þátttakenda, sem hefði átt að hafa áhrif til lækkunar eineltis, en gerði það ekki. Í fjórum skólum lækkaði aldur þátttakenda milli prófana, sem búast mætti við að yki eineltið í viðkomandi skóla og var svo í einu tilfelli.

Í ljósi þess hve lítill munur var á aldurssamsetningu þátttakenda í könnuninni eftir árum í einstökum skólum verða niðurstöður ekki skýrðar með vísun til þess.

Hversu lengi er viðkomandi lagður í einelti?

Polendur eineltis voru spurðir hversu lengi þeir hefðu verið lagðir í einelti. Ekki kom fram marktækur munur á lengd þess tíma milli ára ($F(2,1447)= 1,847;p=0,158$).

Tafla 2: Hversu lengi hefur þú verið lagður í einelti?

Ár	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik
2005	411	4,46	1,560
2006	595	4,39	1,560
2007	444	4,26	1,569

Gerendur eineltis: Breytingar milli ára í einstökum skólum.

Gerður var samanburður milli ára á því hversu oft svarendur höfðu tekið þátt í að leggja einn eða fleiri nemendur í einelti undanfarinn mánuð. Fyrst var kannaður sá hópur 35 skóla sem hafði tekið þátt öll árin í könnuninni. Ekki kom fram marktæk breyting milli ára. ($F(2,23947)= 2,304;p=0,100$).

Tafla 3: Hversu oft hefur þú sjálfur tekið þátt í að leggja annan nemanda/aðra nemendur í einelti?

Ár	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik
2005	7351	1,20	,568
2006	10381	1,19	,565
2007	6218	1,21	,607

Athugun á skólum sem tóku þátt í könnuninni í a.m.k. tvö ár sýndi að einelti frá sjónarhorni geranda hafði aukist í 6 skólum, en minnkað í 1 skóla. Einelti hafði minnkað í 1 skóla eitt árið, en aukist aftur árið á eftir.

Kannað var hvort þessar breytingar tengdust breyttri kynja eða aldurssamsetningu þátttakenda í þessum skólum. Í 2 tilfellum tengdist aukið einelti (sem gerandi) auknum aldri þátttakenda, í öðru tilfelli jókst eineltið þótt þátttakendur væru yngri síðara árið.

Ólíkar birtingarmyndir eineltis

Til viðbótar spurningu sem fjallaði beint um það hvort viðkomandi hafði orðið fyrir einelti voru spurningar sem fjölluðu um tegund eða birtingarmynd eineltisins. Spurt var hvort viðkomandi þolandi hafði orðið fyrir uppnefni, útskúfun, líkamlegu ofbeldi, rógi og lygum, peningastuldi eða eyðileggingu á eignum, ógnunum eða kúgun, meiðandi athugasemdum um húðlit eða uppruna og kynferðislegri áreitni.

Greiningin hér byggir aðeins á þeim skólum sem tóku þátt öll 3 árin (2005, 2006 og 2007). Í ljós kemur að allar þessar tegundir eineltis aukast milli árunna þriggja (sjá töflu). Þegar sama greining er gerð á öllu gagnasafninu koma svipaðar niðurstöður í ljós. Eineltið eykst milli ára.

Tafla 4: Ólíkar birtingarmyndir eineltis: Meðaltal og staðalfrávik.

		Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	ANOVA
Háð (sp 5)	2005	7408	1,45	,919	(F(2,25222)= 18,22;p=0,001) *
	2006	11069	1,51	,936	
	2007	6748	1,54	,984	
Útskúfun (sp 6)	2005	7405	1,30	,796	(F(2,25029)= 12,88;p=0,001) *
	2006	10955	1,34	,814	
	2007	6672	1,37	,865	
Barsmið (sp 7)	2005	7400	1,20	,653	(F(2,24972)= 17,75;p=0,001) *
	2006	10922	1,22	,657	
	2007	6653	1,27	,741	
Baktal (sp 8)	2005	7431	1,29	,741	(F(2,24983)= 16,162;p=0,001) *
	2006	10906	1,33	,776	
	2007	6647	1,37	,838	
Þjófnaður (sp 9)	2005	7418	1,10	,450	(F(2,24896)= 13,10;p=0,001) *
	2006	10871	1,13	,493	
	2007	6608	1,15	,555	
Kúgun (sp 10)	2005	7422	1,16	,556	(F(2,24900)= 9,08;p=0,001) *
	2006	10875	1,17	,574	
	2007	6604	1,20	,641	
Kynþáttafordómar (sp 11)	2005	7407	1,20	,669	(F(2,24699)= 4,218;p=0,015) *
	2006	10750	1,20	,656	
	2007	6543	1,23	,722	
Kynferðisleg áreitni (sp 12)	2005	7394	1,20	,648	(F(2,24619)= 5,71;p=0,003) *
	2006	10711	1,21	,669	
	2007	6515	1,24	,722	

*Marktæk breyting

Niðurstaðan er því sú að einelti af ólíkum toga hefur aukist í milli ára, öfugt við það sem búast mætti við.

Hversu margir hafa lagt viðkomandi í einelti og hversu lengi hefur eineltið varað?

Spurt var hversu margir hefðu lagt viðkomandi í einelti og hversu lengi eineltið hefði varað. Hjá þeim skólum sem tóku þátt öll 3 árin varð engin breyting á tímanum sem eineltið hafði varað árið 2007 í samanburði við árin tvö á undan og ekki var marktæk breyting á fjölda þeirra sem leggja viðkomandi nemanda í einelti á þessu tímabili.

Tafla 5: Hversu margir hafa lagt þig í einelti og hversu lengi hefur eineltið varað.

		Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	ANOVA
	2005	974	3,29	1,268	

Hversu margir leggja þig yfirleitt í einelti (sp 16)	2005	974	3,29	1,268	(F(2,3509)=1,99;p=0,136)
	2006	1508	3,20	1,193	
	2007	1030	3,24	1,176	
Hversu lengi hefur eineltið varað (sp 17)	2005	411	4,46	1,560	(F(2,1449)=1,84;p=0,158)
	2006	595	4,39	1,560	
	2007	444	4,26	1,569	

*Marktæk breyting

Hvar á eineltið sér stað?

Spurt var hvar eineltið ætti sér stað og merktu þátttakendur við fyrirframgefna svarmöguleika. Í ljós kom að marktæk fækkun hafði átt sér stað “í leikfimisal/í sundi eða í búningsklefanum/í sturtu” en marktæk hækkun “á klósettinu”. Það þarf að athuga hvort breytingar á tíðni eineltis á ákveðnum stöðum standi í sambandi við það, að sérstakt átak sé gert til þess að auka gæslu á ákveðnum stöðum og hvort einelti færist þá yfir á aðra staði.

Tafla 6: Hvar á eineltið sér stað?

	2005	2006	2007	
Á leikvellingum	73,6%	69,1%	69,8%	Kí-kvaðrat=4,247; df=2; p=0,12
Á göngunum	48,7%	48,7%	48,9%	Kí-kvaðrat=0,006; df=2; p=0,997
Í kennslustund	34,6%	34,4%	33,6%	Kí-kvaðrat=0,184; df=2; p=0,91
Í skólastofu utan kennslustunda	39,8%	39,1%	42,3%	Kí-kvaðrat=1,877; df=2; p=0,391
Á klósettinu	9,9%	10,1%	14,1%	Kí-kvaðrat=8,212; df=2; p=0,016*
Í leikfimi/sturtu	43,4%	36,3%	37,3%	Kí-kvaðrat= 9,669; df=2; p=0,008*
Í matsal	29,2%	28,0%	31,9%	Kí-kvaðrat= 3,1509; df=2; p=0,207
Á leið til og frá skóla	35,9%	33,0%	33,9%	Kí-kvaðrat= 1,623; df=2; p=0,444
Á stoppistöð almenningsvagna	7,5%	7,8%	7,7%	Kí-kvaðrat= 0,083; df=2; p=0,959

*Marktæk breyting

Þegar allt gagnasafnið er skoðað (ekki bara þeir skólar sem tóku þátt öll árin) kemur fram marktækt minna einelti á skólalóð og marktækt meira á klósetti og í skólastofu utan kennslustunda.

Hverjum er sagt frá eineltinu ?

Spurt var hverjum þolendur segja frá því að þeir eru lagðir í einelti. Í töflunni má sjá að

Tafla 7: Hverjum segja þolendur frá?

	2005	2006	2007	p-gidli
Kennara	42,4%	44,5%	36,8%	0,035*
Öðrum fullorðnum í skólanum	36,0%	37,3%	33,1	0,353
Fullorðnum heima	68,5%	60,9%	57,4	0,002*
Bróður eða systur	32,9%	33,0%	33,8	0,957
Vini/vinkonu	48,7%	51,0%	49,0	0,706
Öðrum	26,6%	28,9%	30,5	0,428

*Marktæk breyting

þeim fækkar sem segja fullorðnum frá eineltinu (umsjónarkennara, fullorðnum heima). Aftur á móti segir óbreyttur fjöldi bróður eða systur frá, eða vini eða vinkonu.

Viðhorf og breytni annarra

Spurt var hversu oft kennararnir eða aðrir fullorðnir í skólanum reyndu að gera eitthvað til að stöðva eineltið og hafði inngríp þeirra aukist með árunum. Einnig kom í ljós að aðrir nemendur reyndu oftar, að mati nemenda, að stöðva einelti. Fullorðnir heima hafa oftar haft samband við skólann til þess að reyna að stöðva einelti. Einnig höfðu viðhorf nemenda breyst lítið eitt í átt að meiri vorkunn í garð þolenda eineltis í stað þess að telja þolendur eiga það skilið að vera lagðir í einelti.

Tafla 8: Viðhorf og breytni annarra

	Ár	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	ANOVA
Tíðni inngríps fullorðinna í skólum (sp 20)	2005	6800	3,27	1,477	(F(2,21927)=9,497;p=0,001) *
	2006	9425	3,35	1,454	
	2007	5705	3,37	1,462	
Tíðni inngríps frá öðrum nemendum (sp21)	2005	6833	2,62	1,274	(F(2,22001)=37,019;p=0,001) *
	2006	9481	2,74	1,271	
	2007	5690	2,81	1,299	
Hefur einhver heima haft samband við skólann vegna eineltis? (sp22)	2005	508	2,53	1,059	(F(2,1662)=3,043;p=0,048) *
	2006	665	2,68	1,063	
	2007	492	2,61	1,038	
Hvað finnst þér þegar verið er að leggja einhvern í einelti? (sp 23)	2005	7135	3,57	0,757	(F(2,23557)=8,389;p=0,001) *
	2006	10264	3,62	0,726	
	2007	6161	3,60	0,767	

*Marktæk breyting

Gerendur

Spurt var hversu oft viðkomandi hefði tekið þátt í að leggja einn nemanda/fleiri nemendur í einelti undanfarna mánuði. Ekki komu fram marktækar breytnir á því, en samkvæmt öllum öðrum mælikvörðum á einelti sem gerandi hefur tíðni þess að leggja aðra í einelti aukist mjög lítillega, en marktækt. Þar er um að ræða útskúfun, líkamlegt ofbeldi, róg og lygar, eyðileggingu eigna eða peningaupptöku, ógnanir eða rasískar athugasemdir. Háð, uppnefni og kynferðisleg áreitni hafði ekki breyst marktækt.

Þessar breytingar til hins verra (að ofan) eru þó mjög litlar.

Tafla 9 : Hversu oft hefur þú lagt aðra í einelti.

		Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	ANOVA
Hversu oft hefur þú tekið þátt í að leggja annan/aðra nemendur í einelti undanfarna mánuði (sp 24)	2005	7351	1020	0568	(F(2,23947)=2,304;p=0,100)
	2006	10381	1,19	0565	
	2007	6218	1021	0,607	

Tafla 10 : Birtingarmyndir eineltis frá sjónarhorni geranda

		Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	ANOVA
Háð (sp 25)	2005	7368	1,20	0,569	(F(2,23671)=2,814;p=0,060)
	2006	10187	1,22	0,606	
	2007	6119	1,23	0,642	
Útskúfun (sp 26)	2005	7350	1,16	0,562	(F(2,23451)=5,035;p=0,007) *
	2006	10060	1,17	0,563	
	2007	6044	1,19	0,632	
Barsmíð (sp 27)	2005	7354	1,10	0,447	(F(2,23524)=8,347;p=0,001) *
	2006	1014	1,11	0,473	
	2007	6069	1,13	0,538	
Baktal (sp 28)	2005	7350	1,07	0388	(F(2,23407)=5,923;p=0,003) *
	2006	10008	1,08	0,412	
	2007	6052	1,10	0,468	
Þjófnaður (sp 29)	2005	7336	1,04	0,311	(F(2,23233)=6,119;p=0,002) *
	2006	9919	1,04	0,324	
	2007	5981	1,05	,0388	
Kúgun (sp 30)	2005	7329	1,05	0,34	(F(2,23293)=6,386;p=0,002) *
	2006	9974	1,05	0,350	
	2007	5993	1,07	0,428	
Kynþáttafordómar (sp 31)	2005	7352	1,08	0,413	(F(2,23297)=4,509;p=0,011) *
	2006	9947	1,07	0,387	
	2007	6001	1,09	0,461	
Kynferðisleg áreitni (sp 32)	2005	7334	1,07	0,377	(F(2,23194)=2,454;p=0,086)
	2006	9893	1,06	0,389	
	2007	5970	1,08	0,440	

*Marktæk breyting

Afskipti af gerendum

Ekki kom fram marktækur munur á því hversu oft umsjónarkennari eða annar kennari hafði afskipti af nemendum vegna þess að þeir legðu aðra í einelti. Hið sama gilti um foreldra.

Engar breytingar hafa orðið á því hvort nemandi geti hugsað sér að taka þátt í að leggja nemanda í einelti, en hins vegar eru nemendur marktækt viljugri að eigin sögn til að hjálpa nemanda, sem er lagður í einelti, í stað þess að taka þátt í eineltinu sjálfur.

Tafla 11 : Afskipti af gerendum

		Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	ANOVA
Afskipti kennara af einelti þínu? (sp 34)	2005	184	2,33	1,053	(F(2,600)= 0,71;p=0,492)
	2006	244	2,43	1,114	
	2007	175	2,46	1,092	
Afskipti fullorðinna heima af einelti þínu? (sp 35)	2005	185	2,11	0,928	(F(2,587)= 2,949;p=0,053)
	2006	236	2,22	1,048	
	2007	169	2,38	1,117	
Gætur þú hugsað þér að taka þátt í einelti? (sp 36)	2005	7421	5,03	1,356	(F(2,24874)= 2,018;p=0,133)
	2006	10887	5,07	1,354	
	2007	6569	5,06	1,376	
Viðbrögð þegar aðrir eru teknir fyrir (sp 37)	2005	4033	5,34	0,872	(F(2,12959)= 23,89;p=0,001) *
	2006	5602	5,44	0,85	
	2007	3327	5,46	0,864	
Ótti við að vera lagður í einelti (sp 38)	2005	7402	1,70	1,216	(F(2,24762)= 2,245;p=0,106)
	2006	10836	1,66	1,192	
	2007	6527	1,68	1,205	
Hve mikið hafa kennara gert til að stöðva einelti? (sp 39)	2005	7145	2,89	1,456	(F(2,23090)= 30,056;p=0,001) *
	2006	9991	3,06	1,472	
	2007	5957	2,99	1,461	

*Marktæk breyting

Samantekt á greiningu á nemendalista Olweusarverkefnisins fyrir árin 2005 til 2007

Einelti hefur aukist á tímabilinu frá 2005 til 2007 í heildargagnasafni 35 skóla sem tóku þátt í eineltiskönnuninni öll árin þrjú samkvæmt almennri mælingu á tíðni eineltis sem svarendur hafa orðið fyrir. Beinar mælingar á aðskildum birtingarmyndum eineltis, s.s. háði, útskúfun, baktali o.s.frv. sýna einnig marktæka aukningu.

Rannsóknin bendir til þess að einelti hafi minnkað á stöðum eins og í leikfimi/sturtu, en hefur jafnframt aukist á salernum. Þegar allt gagnasafnið er skoðað (ekki aðeins þeir skólar sem svöruðu öll árin þrjú) þá kemur fram breyting til batnaðar á skólalóð, en jafnframt meira einelti í kennslustofu utan kennslustunda. Fyrir einstaka skóla eru slíkar niðurstöður áhugaverðar og ber að skoða í ljósi aðgerða á hverjum stað til þess að auka eftirlit með einelti. Fram kom marktæk tilhneiging til þess að segja kennurum og foreldrum heima síður frá einelti sem svarandi verður fyrir. Vilji til þess að segja vinum og systkinum frá einelti er hins vegar óbreyttur. Erfitt er að túlka þessa breytingu. Hún gæti þýtt að nemendur treystu síður hinum fullorðnu til þess að leysa fram úr eineltisvandamálum, en hún gæti líka þýtt að þolendur eineltis reiði sig frekar á jafnaldra sína við úrlausn vandans, sem myndi þá endurspegla meiri styrk þolandans og getu til þess að leysa úr vandamálinu án inngrips fullorðinna, sem aðrar rannsóknir hafa sýnt að tengjast hjálparleysi (Ragnar Ólafsson, 2003). Í ljósi þess að nemendur skynja það að inngrip fullorðinna í eineltisatvik hafi aukist á tímabilinu er síðari skýringin e.t.v. líklegri.

Viðhorf nemenda til eineltis höfðu breyst lítillega til batnaðar.

Bein mæling á einelti frá sjónarhorni geranda sýndi enga breytingu á tímabilinu, en þegar spurt var um einstakar birtingarmyndir eineltis (útskúfun, þjófnað o.s.frv.) var víðast marktæk aukning á einelti, þótt ekki væri sú aukning mikil.

Mat á eigin viðbrögðum þegar aðrir eru teknir fyrir benti til þess að nemendur væru líklegri til þess að koma þolendum til hjálpar og að kennarar hefðu gert mikið til þess að stöðva einelti almennt.

Í heild virðast beinar mælingar á einelti, frá sjónarhorni þolenda og gerenda, benda til neikvæðrar niðurstöðu. Meira einelti virðist eiga sér stað. Hins vegar eru vísbendingar um skýrari viðbrögð gegn einelti og jákvæðari viðhorf til þolenda. Einnig virðist eftirlit geta skipt máli í þá veru að minnka einelti á einstökum stöðum í skólanum, þótt slík áhrif þurfi að rannsaka í hverjum skóla fyrir sig í tengslum við aðgerðir á hverjum stað. Í ljósi þessara jákvæðu þátta má e.t.v. gera ráð fyrir að aukning á einelti endurspegli meiri getu, vilja og þor nemenda til þess að þekkja og greina frá einelti sem þeir sjálfir eða aðrir verða fyrir.

Viðtöl við aðstandendur Olweusarkerfisins

Viðtöl voru tekin við aðstandendur Olweusarverkefnis í 13 grunnskólum. Hringt var í skólana og beðið um “einhvern sem hefði umsjón með eða starfaði öðrum fremur í Olweusarverkefninu”. Greiðlega gekk að fá samband og voru viðmælendur fúsir til þess að tjá sig.

Spurt var um fjögur atriði í opnum spurningum.

Skóli: _____

Viðmælandi: _____

1. Hvað hefur virkað vel og hvað illa varðandi Olweusarverkefnið í þínum skóla?
2. Á hvern hátt hefur eineltiskönnunin, rannsóknin sem gerð er á hverju ári, verið gagnvirk, þ.e. hvernig hafa niðurstöður hennar verið nýttar.
3. Hvað myndi gerast er utanaðkomandi afskipti, þ.á m. aðkomu ráðuneytisins yrði hætt. Hvaða áhrif hefði það á meðferð eineltismála í skólanum, ef skólinn yrði einn á báti.
4. Annað? Eitthvað fleira sem þú (viðmælandi) vilt nefna?

Niðurstöður.

Punktur úr viðtölum fylgja í viðhengi og er mælt með því að rennt sé yfir þá, en hér er stutt samantekt.

1. Hvað hefur virkað vel og hvað illa í Olweusarverkefninu?

Yfirleitt voru viðmælendur mjög jákvæðir í umtali um Olweusaráætlunina.

Bekkjarfundir eru oft nefndir sem mjög gagnlegir, nefnt var að mikilvægt væri að gera þá að föstum lið á stundatöflu nemenda. Nemendur bæðu sjálfir um bekkjarfund, fyndist þeim of langt líða á milli. Einnig var minnst á umræðufundi (“magnaðir”) og veggspjald, sem sýnir eineltishringinn, sem nýtist vel í umræðum við krakkana. Skýrt skipulag og verkaskipting eru talin jákvæð og fyrirmæli um að að gripið sé inni *strax*. Hugmyndin um að *allir* taki þátt er talin jákvæð. Viðmælendur sögðu mikilvægt að farið væri eftir því, “annars dettur árangur niður”.

Gallar felast í því að mikill tími fer í þetta, a.m.k. fyrst meðan á innleiðingu stendur. Jafnvel var sagt í einu tilfelli að eiginlegri kennslu hefði að einhverju leyti verið fórnað á meðan á innleiðingu stóð. Reyndar var nefnt að um leið og fyrstu erfiðleikarnir, námsferlið, voru yfirstaðnir þá hefði þetta gengið vel.

Nemendur eru sagðir jákvæðir og opnir í umræðunni um einelti. Kerfið höfði greinilega til þeirra.

2 Á hvern hátt er könnunin nýtt?

Eineltiskönnunin ár hvert hefur gert kleift að koma auga á ýmsa staði á skólalóðinni þar sem einelti er sérstaklega mikið og í kjölfarið að auka eftirlit á þessum stöðum. Eineltiskönnunin heldur skólunum “við efnið”, hefur táknræna merkingu, og verkar sem áminning ef skólinn stendur sig ekki nógu vel. Svo má fara aðrar leiðir til þess að hafa uppi á þolendum, ef könnunin bendir til þess að einelti sé slæmt í ákveðnum bekk. Könnunin gerir kleift að finna út hvaða þætti í starfinu þurfi að bæta, t.d. það að gæta þess að fara ekki út úr kennslustofunni á meðan á kennslu stendur, því eineltið blossar upp á meðan kennari er fjarverandi. Þetta sést svart á hvítu í könnuninni. Í litlum skólum var talin hætta á að einn nemandi “sem er að fíflast” skekkti niðurstöður. Einn nefndi að honum fyndist samræmi milli þess sem könnunin sýndi og tilfinningar þeirra sjálfra fyrir því sem væri að gerast í bekkjunum.

3 Hvað myndi gerast er utanaðkomandi afskipti, þ.á m. aðkomu ráðuneytisins yrði hætt. Hvaða áhrif hefði það á meðferð eineltismála í skólanum, ef skólinn yrði einn á báti.

Ljóst var að fleiri en einn skóli hafði velt fyrir sér þessum möguleika. Viðbrögð við hugmyndinni voru á ýmsa vegu. Sumir voru sannfærðir um að “verkefnið héldi áfram” þótt utanaðkomandi stuðningur hyrfi. Þetta væri orðinn hluti af skólamenningunni. Aðrir sögðust myndu sakna inngrips og framlags frá Þorláki, námskeiða (sérstaklega fyrir nýliða, en einnig sem símenntun) og þess ef enginn “héldi þeim við efnið”. Ákveðnir þættir (t.d. bekkjarfundir) væru erfiðir og ómetanlegt að geta leitað til Þorláks. Verkefnisstjórar og kennarar hefðu mjög mikinn stuðning frá honum. Sameiginlegir fundir verkefnisstjóra úr fleiri skólum væru einnig gagnlegir. Fulltrúi frá litlum skóla sagði að það myndi koma sér sérstaklega illa fyrir minni skóla að vera einir á báti. Annar nefndi að það væri gott að fá utankomandi hjálp við könnunina, þ. á m. gagnaöflun og úrvinnslu, en ekki síst kynningu, enda væri gott að fá utanaðkomandi aðila til þess að gera það. Talað var um að kennaramenntunin fæli ekki í sér þjálfun í Olweusarverkefninu og því þyrfti að vera aðili sem þjálfaði nýja kennara í þessum fræðum.

Gagnasafn Námsmatsstofnunar um einelti.

Frá árinu 2002 hefur Námsmatsstofnun lagt fyrir spurningar um einelti í spurningalista sem lagður er fyrir úrtak nemenda sem taka samræmd próf 4. bekkjar, 7. eða 10. bekkjar ár hvert. Spurningalistinn fjallar um ýmist atriði er varða framkvæmd prófanna og fleiri þætti, auk þess sem fimm spurningar um einelti fylgja með. Gögn úr þessum spurningalista eru aðgengileg til úrvinnslu fyrir árin 2002 til 2006 í 4. og 7. bekk. Þessi gögn voru notuð til þess að bera saman einelti í skólum sem tóku þátt í Olweusi við þá skóla sem tóku ekki þátt í verkefninu.

Framkvæmdastjóri Olweusarverkefnisins á Íslandi lét í té lista yfir þátttökuskóla í Olweusarverkefninu ár hvert og á grundvelli hans var skólum skipað í tvo hópa ár hvert: Þátttakendur og ekki þátttakendur í Olweusarverkefninu. Þar að auki var sérstaklega skráð hvaða skólar voru nýir í verkefninu og hvaða skólar höfðu hætt í verkefninu.

Spurningarnar um einelti í spurningalistanum voru valdar úr öðrum spurningalista sem lagður var fyrir 1999 (Ragnar Ólafsson, 1999) í rannsókn sem Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála (nú Námsmatsstofnun) framkvæmdi fyrir menntamálaráðneytið. Fimm efnissvið voru skilgreind og valin ein spurning úr hverju sviði. Efnissviðin voru útskýfun, baktal, líkamlegt ofbeldi, neikvæð upplifun, einelti í orðum. Valdar voru spurningar sem hæfðu vel efnisflokkinum hvað innihald snerti, höfðu góða dreifingu og fylgni við heildarkvarða. Gerðar voru tvær gerðir, hvor um sig með 5 spurningum úr sömu efnisflokkum, og reyndist góð fylgni á milli þeirra.

Spurningarnar í útgáfunni sem oftast var notuð voru þessar :

Ég var beittur ofbeldi
Ég var skilinn út undan
Einhver baktalaði mig
Einhver sagði eitthvað særandi við mig
Mér leið mjög illa af því hvernig krakkarnir létu við mig.

Svarmöguleikar eru fimm, frá “aldrei” til “oft í viku”. Reiknað er heildarskor með því að leggja saman einkunnir á öllum fullyrðingunum.

Niðurstöður

Er munur á skólum sem ákveða að taka þátt í Olweusarverkefninu og þeim sem kjósa að gera það ekki áður en eiginleg þátttaka í verkefninu hefst ?

Einelti var borið saman milli þeirra skóla sem voru skráðir þátttakendur í Olweus-verkefninu annars vegar og skóla sem tóku ekki þátt í því. Enginn munur kom fram á einelti í skólunum ($t(1013) = -1,047$; $p = 0,295$). Af því má ráða að það séu ekki frekar skólar með mikið einelti sem taki þátt í Olweusarverkefninu. Hið gagnstæða á heldur ekki við, þ.e. að skólar með lítið einelti séu líklegri til þess að taka þátt í verkefninu. Það hefði mátt færa rök fyrir því að skólar sem hafa áhuga á að vinna í eineltismálum hafi þegar gert það (áður en þeir skráðu sig) og að þátttaka í Olweusarverkefninu væri eðlileg birtingarmynd þessa áhuga.

En niðurstöður frá 2002 benda sem sagt til þess að enginn munur sé á skólum sem skrá sig til þátttöku í Olweusarverkefninu og þeim sem kjósa að taka ekki þátt. Það er mikilsvert að slíkar

upplýsingar liggja fyrir áður en áhrif verkefnisins eru metin, því þetta bendir til þess að skólar í Olweusi og utan verkefnisins séu sambærilegir áður en þátttaka í prógramminu hefst.

Tafla 12: Meðaltöl á eineltiskvarða árið 2002 í skólum sem tóku þátt í Olweusarverkefni og þeirra sem tóku ekki þátt:

	Fjöldi nemenda	Meðaltal	Staðalfrávik
Skóli í Olweus	268	7,98	3,76
Ekki í Olweus	747	8,27	3,91

Í töflunni að ofan eru sýndar niðurstöður fyrir gangasafnið 2002 í heild. Þessi samanburður var einnig gerður í aðskildum keyrslum fyrir hvort kyn og einnig fyrir 4. bekk sérstaklega og 7. bekk sérstaklega. Niðurstöður þessara keyrslna eru samhljóða niðurstöðum fyrir heildargagnasafnið. Enginn munur var á skólum skráðum í Olweusarverkefnið og þeirra sem tóku ekki þátt, þótt samanburðurinn sé gerður sérstaklega fyrir þessa hópa.

Áhrif þátttöku árið 2003

Bornir voru saman með t-prófi skólar sem skráðir voru í Olweusarverkefnið 2003 og þeir skólar sem ekki voru skráðir það ár. Niðurstöður fyrir gagnasafnið í heild má sjá í töflu hér að neðan. Þar sem eitt ár er þá liðið frá því skólar hófu þátttöku í verkefninu mætti búast við að munur kæmi í ljós milli nemenda í skólum sem tóku þátt í verkefninu og þeirra sem gerðu það ekki.

Tafla 13 : Meðaltöl á eineltiskvarða árið 2003 í skólum sem tóku þátt í Olweusarverkefni og þeirra sem tóku ekki þátt:

	Fjöldi nemenda	Meðaltal	Staðalfrávik
Skóli í Olweus	187	8,16	3,63
Ekki í Olweus	802	8,03	3,69

Ekki kom fram munur á skólum sem tóku þátt í Olweusarverkefninu og þeim sem gerðu það ekki. ($t(987) = 0,436$; $p = 0,663$). Þessi samanburður var gerður sérstaklega fyrir kynin og aldurshópa (4. bekk og 7. bekk aðskilda), en niðurstaðan var samhljóma því sem hér er kynnt.

Áhrif þátttöku árið 2004

Bornir voru saman með ANOVA-prófi skólar sem skráðir voru í Olweusarverkefnið og þeir skólar sem ekki voru skráðir. Greint var á milli þeirra skóla sem voru nýir í verkefninu og þeirra sem voru eldri. Niðurstöður fyrir gagnasafnið í heild má sjá í töflu hér að neðan.

Tafla 14 : Meðaltöl á eineltiskvarða árið 2004 í skólum sem tóku þátt í Olweusarverkefni (nýr eða eldri) og þeirra sem tóku ekki þátt:

	Fjöldi nemenda	Meðaltal	Staðalfrávik
Skóli í Olweus (1 ár a.m.k.)	295	9,17	4,79
Skóli í Olweus (nýr)	202	8,70	4,29

Ekki í Olweus	320	8,34	3,86
---------------	-----	------	------

Ekki kom fram munur á skólum sem tóku þátt í Olweusarverkefninu og þeim sem gerðu það ekki ($F(2,814)=2,834$; $0,059$). Munurinn er ekki fjarri því að vera marktækur, en sá hópur sem sker sig úr og er með hæsta eineltismeðaltalið er sá hópur sem hefur verið lengst í Olweusarverkefninu, öfugt við það sem búast mætti við.

Þessi samanburður var gerður sérstaklega fyrir kynin og aldurshópa (4. bekk og 7. bekk) aðskilda, en niðurstaðan var samhljóma því sem hér er kynnt.

Áhrif þátttöku árið 2005

Bornir voru saman með t-prófum skólar sem skráðir voru í Olweusarverkefnið og þeir skólar sem ekki voru skráðir. Niðurstöður fyrir gagnasafnið í heild má sjá í töflunni hér að neðan.

Tafla 15 : Meðaltöl á eineltiskvarða árið 2005 í skólum sem tóku þátt í Olweusarverkefni og þeirra sem tóku ekki þátt:

	Fjöldi nemenda	Meðaltal	Staðalfrávik
Skóli í Olweus	702	7,24	3,32
Ekki í Olweus	661	7,33	3,58

Ekki kom fram munur á skólum sem tóku þátt í Olweusarverkefninu og þeim sem gerðu það ekki. ($t(1361)=-0,491$; $p=0,623$). Þessi samanburður var gerður sérstaklega fyrir kynin og aldurshópa (4. bekk og 7. bekk aðskilda). Fram kom að yngri strákar sem voru í Olweusarverkefninu urðu fyrir meira einelti en þeir sem voru það ekki ($t(308)=2,391$; $p=0,017$). Á hinn bóginn urðu stúlkur í sama aldurshópi fyrir minna einelti í Olweusarhópnum í samanburði við skóla sem voru ekki í Olweusarverkefninu ($t(289)=-2,19$; $p=0,029$).

Áhrif þátttöku árið 2006

Bornir voru saman með ANOVA-prófum skólar sem skráðir voru í Olweusarverkefnið og þeir skólar sem ekki voru skráðir. Greint var milli nýrra skóla og einnig þeirra sem höfðu verið í Olweusarverkefninu, en hætt þátttöku.

Niðurstöður fyrir gagnasafnið í heild má sjá í töflu hér að neðan.

Tafla 16 : Meðaltöl á eineltiskvarða árið 2006 í skólum sem tóku þátt í Olweusarverkefni og þeirra sem tóku ekki þátt:

	Fjöldi nemenda	Meðaltal	Staðalfrávik
Skóli í Olweus (a.m.k 1 ár)	559	8,13	3,53
Skóli í Olweus (nýr)	21	8,52	5,08
Hættur í Olweus	32	8,28	4,12
Ekki í Olweus	555	8,05	3,59

Ekki kom fram munur á skólum sem tóku þátt í Olweusarverkefninu 2006 og þeirra sem gerðu það ekki. ($F(3,1163)=0,158$; $p=0,925$). Þessi samanburður var einnig gerður sérstaklega fyrir kynin og aldurshópa (4. bekk og 7. bekk) aðskilda, en niðurstaðan var samhljóma því sem hér kemur fram.

Samantekt úr greiningu á gagnasafni Námsmatsstofnunar.

Greining á gögnum Námsmatsstofnunar um einelti í úrtaki bekkja sem tóku samræmd próf 4. og 7. bekkjar árin 2002 til 2006 benda ekki til þess að einelti sé minna í skólum sem taka þátt í Olweusaráttakinu í samanburði við þá skóla sem gera það ekki. Niðurstöður eru samhljóða öll árin og breytast ekki þótt greint sé eftir kyni og aldri.

Spurningalisti framkvæmdastjóra Olweusarverkefnisins til skólastjóra vor 2008

Í maí 2008 sendi framkvæmdastjóri Olweusaráætlunarinnar hér á landi spurningalista til skólastjóra í þátttökuskólum verkefnisins. Rúmlega 30 skólar skiluðu spurningalistanum til baka. Námsmatsstofnun fékk þessa spurningalista í hendur, fékk nokkra til viðbótar beint frá skólastjórum og gerð var stutt greining á þeim, bæði á opnum spurningum og spurningum með lokuðum valkostum. Hér verður gerð stutt grein fyrir þeim.

1. Opnar spurningar

Í opnum spurnignum sem teknar voru til greiningar var spurt um

- Hvað þyrfti að gera til þess að styrkja bekkjarfundi í Olweusaráætluninni.
- Hverja þeir teldu helstu kosti eineltiskönnunarinnar.
- Hvort eineltisáætlunin hefði styrkt þætti í skólastarfinu umfram það sem búist var við.
- Hver væri meignistyrkur Olweusarverkefnisins.
- Hvaða atriði þyrfti að styrkja í Olweusaráætluninni.

Að neðan er samatekt á svörum skólastjóra við þessum spurningum.

Hvað þarf til að styrkja frekar bekkjarfundi í Olweusaráætluninni?

Nokkrir skólastjórar töldu að það þyrfti að þjálfna betur kennara til þess að halda slíka fundi, enda gætu slíkið fundir verið erfðir. Það mætti bjóða uppá verklegar æfingar fyrir nemendur, hugmyndabanka á heimasíðu verkefnisins o.fl., sem myndi auka gæði fundanna og gera þá markvissari.

Þeir töldu mikilvægt að auka aðhald stjórnenda verkefnisins, og mæltu með skýrri stefnu og aukinni eftirfylgni. Það þyrfti líka að tryggja að fundirnir yrðu haldnir, festir í stundaskrá og haldið á lofti.

Skólastjórar töldu bekkjarfundi vera góðan vettvang til þess að ræða samskiptavanda af hreinskilni, losa um spennu og leysa eineltisvanda. Þetta væri þjálfun í mannlegum samskiptum, krakkarnir lærðu að rökstyðja sitt mál og fengju þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum. Fundirnir væru reglulegir og því gætu nemendur gengið að þeim vísam til þess að taka á þessum samskiptamálum. Þetta bætti tengslin þeirra á milli og gerði þeim auk þess kleift að kynnst betur.

Hverja telur þú helstu kosti eineltiskönnunar?

Skólastjórar telja að helstu kostir eineltiskönnunarinnar séu að veita áreiðanlegar og reglulegar upplýsingar um líðan nemenda hverju sinni fyrir alla í skólanum og foreldra. Þær bjóði uppá samanburð og séu umræðugrundvöllur fyrir frekara starf og geri kleift að bregðast við vandanum á hnitmiðaðan hátt.

Hefur Olweusaráætlunin með ákveðnum hætti styrkt skólastarf, þar sem ekki var fyrirfram búist við því?

Skólastjórar nefndu meðal annars að Olweusaráætlunin hefði bætt samskipti við foreldra, heimili og bæjarbrag. Samvinna kennara og samtakamáttur ásamt hæfni þeirra til að vinna saman hefði batnað. Þetta yki öryggi þeirra í að koma auga á vandamál og segja frá þeim. Einnig leiddi verkefnið til þess að fólk fengi skilaboð um hvað væri leyfilegt á fleiri sviðum.

Spurt var hver væri að mati skólastjóra meginstyrkur Olweusarverkefnisins í skólanum.

Einn helsti styrkurinn við Olweusarverkefnið sem skólastjórar nefndu var hin aukna samkennd og eining innan skólans sem leitt hefði af innleiðingu verkefnisins. Þessi samkennd og samvinna hefði styrkst, ekki aðeins milli kennara heldur milli alls starfsfólks. Skólabragur hefði batnað.

Starfsfólk og nemendur hefðu meiri skilning á einelti. Nemendur væru óhræddari við að segja frá og kennarar gripu inni af öryggi og fagmennsku. Hlutverk væru skýrt skilgreind og skýrar reglur hengju uppi í stofum þar sem útskýrt væri hver ætti að tala við hvern.

Verkefnið héldi fólki meðvituðu um hegðun, atferli og framkomu allra, nemenda og kennara. Dreigið hefði úr einelti og orðið “stríðni“ væri nú skoðað öðrum augum og gagnrýnni en áður.

Hvað þyrfti að styrkja?

Skólastjórar nefndu mörg atriði sem mikilvægt væri að styrkja í Olweusaráætluninni en ekkert eitt öðru fremur, og miðaðist margt við aðstæður á hverjum stað. Nefnt var mikilvægi þess að veita nýliðum þjálfun og hafa aðgengilegt ýmist efni (blaðaúrklippur, hugmyndabanka o.s.frv.). Það þyrfti að styrkja eineltisteymið og þá sem vinna sérstaklega að verkefninu.

Til þess þyrfti m.a. að koma reglulega í skólann með kynningar og þjálfun.

Nefnt var mikilvægi þess að draga samfélagið í heild inni áætlunina. Einnig var mælt með samstarfi skóla á sama svæði. Mikilvægi bekkjarfunda var ítrekað.

Einnig væri ljóst að eineltisáætlunin tæki tíma, sem nauðsynlegt væri að taka frá og gefa sér, einnig kosti þetta peninga, sem þurfi að gera ráð fyrir sérstaklega, til viðbótar þess fjár sem fer í að sinna sjálfri kennslunni.

2. Megindlegar spurningar

Í spurningalistanum voru skólastjórar beðnir um að meta ýmsa þætti varðandi framkvæmd Olweusarverkefnisins. Hér að neðan verður getið þeirra meiginlegu spurninga sem greindar voru. Þessar spurningar voru greindar með tilliti til þess hvort munur væri á einelti í skólum eftir því hvernig þessum atriðum væri háttað í viðkomandi skóla. Var það gert út frá þeirri tilgátu að framkvæmd verkefnisins í ólíkum skólum gæti verið misjöfn og að sá mismunur skýrði e.t.v. mun á einelti í viðkomandi skólum.

Í sem stystu máli þá kom *ekki* fram neinn munur á einelti eftir því hvernig neðangreindum atriðum var háttað í þeim skólum þar sem skólastjóri svaraði spurningalistanum.

Mælikvarðinn á einelti var meðaltal skólans á beinni spurningu um einelti (sp 4). Í ljósi þessa verður ekki farið út í nánari framsetningu á niðurstöðum enda fjöldi þátttakenda (skjólástjóra) lítill. Hafa ber í huga að háða breytan í þessu mati (meðaltal skóla á spurningu um einelti) er aðeins einn af mögulegum mælikvörðum á árangri kerfisins og hér er því aðeins um forgreiningu að ræða, en væntanlega þyrftu spurningalista að vera mun fleiri til þess að marktækur munur kæmi fram.

Vert er að benda á mikilvægi þess að leggja spurningalista af þessu tagi fyrir reglulega og fyrir stærri hóp aðstandenda verkefnisins í hverjum skóla, ef það á að takast að skýra ólíkan árangur skóla með því að framkvæmd verkefnisins sé háttað með ólíkum hætti í hverjum skóla. Æskilegt væri að beita einnig ólíkri aðferðafræði við gagnaöflun, t.d. vettvangsrannsóknunum, með kvikmyndaupptökum, kóðunum á hegðun o.s.frv. til þess að fá beinni vitneskju um það sem fram fer í hverjum skóla.

Hér eru nefndir þeir þættir sem greindir voru og mældir voru í spurningalistanum, en eins og áður segir tókst ekki að sýna fram á að munur milli skóla á þessum breytum tengdist meðaleinelti í skólunum.

Spurt var:

A Umræðufundir: Hversu margir umræðufundir hafa verið haldnir, hversu mikið hefur gagnað af þeim verið, hvort gengið hefði verið frá dagsetningum umræðufunda fyrir næsta ár

B Um verkefnisstjóra, stýrihópa, oddvita og lykilmenn (umræðustjóra): Hvort verkefnisstjóri hefði verið starfandi á síðasta skólaári, hvort verkefnisstjóri hefði verið skipaður fyrir næsta ár, hvort stýrihópur væri tengdur Olweusaráætlun skólans, hvort oddviti væri starfandi og hvort lykilmenn færu fyrir hverjum hópi.

C Bekkjarfundir: Spurt var hversu hátt hlufall kennarar héldi bekkjarfundi reglulega, haldi bekkjarreglunum fjórum á lofti og nýti í daglegu starfi, og hvort bekkjarfundir væru á stundatöflu nemenda.

D Eineltiskönnun: Spurt var hvort skólinn hefði tekið þátt í eineltiskönnun 2007, hvort ýmsum atriðum við framkvæmd eineltisáætlunar hefði verið breytt í kjölfar könnunar (þ.á m. eftirlitskerfi, bekkjarfundum, samskiptum við foreldra, viðtalstækni elfd, tengslakönnun farið fram o.s.frv.). Einnig var spurt hverjum eineltiskönnunin hefði verið kynnt (stýrihópi, starfsfólki, foreldrum, nemendum eða öðrum).

E Spurt var hvernig námskeiðum fyrir nýliða hefði verið háttað, hvort verkefnisstjóri hefði haldið námskeið í skólanum, hvort starfsfólk hefði tekið þátt í miðlægu námskeiði á vegum Olweusaráætlunarinnar, hvor stutt kynning hefði verið haldin í skólanum eða hvort ekki hefði verið hægt að halda námskeiðið.

F Spurt var hversu hátt hlutfall annars starfsfólk en kennara tæki virkan þátt í Olweusaráætluninni.

G Verður framhald á vinnunni? Hyggst skólinn taka þátt í Olweusaráætluninni næsta skólaár, hvort skólinn myndi vilja komast að á nýju námskeiði fyrir verðandi verkefnisstjóra eða hvort skólinn tæki sér tímabundið frí frá Olweusaráætluninni.

Mjög áhugavert væri að sjá hvort þessir þættir tengjast mismunandi árangri skólans í baráttunni gegn einelti. Til þess þarf þó frekari gagnaöflun.

Samtöl við skólastjóra í skólum sem ekki höfðu svarað spurningalista.

Hringt var í nokkra skóla sem ekki höfðu svarað skólastjórakönnun frá ÞH. Í ljós kom að nokkrir þeirra höfðu hætt í verkefninu, eða verkefnið legið niðri. Sumir höfðu tekið upp eigin kerfi, sem byggði á reynslu þeirra af Olweusi og samþætt kerfið við aðra þætti í skólastarfinu og bætt við það.

Ýmsar skýringar voru gefnar á því að verkefnið hafði legið niðri, t.d. mannaskipti, þetta væri tímafrekt og kostaði peninga. Einhverjir ætluðu að hefja verkefnið til vega hjá sér á ný.

Að neðan eru endursagnir og tilvitnanir í nokkur svör viðmælenda:

Sú sem var með verkefnið er komin í fæðingarorlof.

Umsjónarmaður verkefnisins segir að verkefnið hefði að miklu leyti legið niðri síðastliðinn vetur en að þau hefðu áhuga á að koma þessu í gang aftur.

Skólastjórinn segir að aðstoðarskólastj. hafi haft þetta með höndum, en hann hafi ekki verið við síðastliðinn vetur og verkefnið legið dálítið niðri á meðan en “við erum að rífa þetta upp aftur”, segir skólastjórinn.

Skólastjóri vill upphefja verkefnið aftur, “það hefur legið niðri eftir namskeiðið. Viljum standa okkur í þessu. »

Skólastjóri segir að við « nýtum þetta að hluta í grunninn, námsráðgjafi sér um þetta núna, breyttum þessu miðað við okkar áherslur. Nýtum þetta í grunninn. Vorum í þessu í ca. 2 ár. »

Skólastjóri segir að flestir hafa verið á námskeiðum, og « við notum það að hluta, vinnum eftir okkar áætlun, og erum ekki skráðir þátttakendur. Fólk er vant þessum vinnubrögðum. » Hann segir nokkur ár liðin síðan skólinn var með í þessu. Þetta er bara annað árið mitt. Ákváðum á kennarafundum, nota það, sérkennara og námsráðgjafi vita meira um þetta. Erum með ýmsar áherslur í öðru, þetta væri svo ofboðslega tímafrekt að fara lið fyrir lið í þetta. Nú þekkja kennarar vinnubrögðin, og með góðri áætlun gætum við stytst okkur leið og haft tíma í annað faglegt starf. Í þessu felst sparnarður, « við erum í heilmiklum sparnaðargír. » Rætt í fyrra og aftur í haust - sjá eineltisáætlun.

Skólinn er ekki þátttökuskóli og var það heldur ekki síðastliðið skólaár. Við höfum aftur á móti unnið góða eineltisáætlun, höfum afar virkt eineltisráð, og vinnum mikið með eineltismál. Við lögðum okkar eigin könnun fyrir foreldra og nemendur til að kanna stöðuna þar sem við teljum það grundvallaratriði í skólanum að börnunum líði vel. Eru þessar kannanir hluti af sjálfsmati skólans og unnin er markviss úrbótaáætlun út frá niðurstöðum sem ekki uppfylla viðmið.

Einn skólastjórinn segir að skólinn hafi aldrei verið í Olweusi. Þau hafi velt þessu fyrir sér fram og aftur og hugnaðist loks annað kerfi betur.

Það kom tímabil þegar þetta datt aðeins niður. Þarf að vera aðili sem heldur utanum verkefnið innan skólans og utan skólans. Þínulítið “pompað niður”, þau yrðu að fara að tilnefna aðilia til þess að halda utanum þetta, gott væri ef nokkrir skólar tækju sig saman.

Við erum í öðru verkefni sem veitir stuðning við jákvæða hegðun, það er jákvætt framhald af Olweusi. Verðum vör við umræðu í skólum og fjölmiðlum um hvða þetta sé gott kerfi, Olweusaráætlunin.

Lokaorð

Í greiningunni sem hér hefur verið lýst var mest áhersla lögð á greiningu ganga frá Olweusarverkefninu 2005 til 2007. Gögn frá fyrsta ári Olweusaráætlunarinnar hafa verið kynnt betur á öðrum vettvangi, en þau sýndu verulegan árangur af Olweusaráætluninni gegn einelti fyrsta árið. Í ljósi þess að erlendar rannsóknir sýna einnig góðan árangur af Olweusaráætluninni þá er erfitt að draga á ályktun, að verkefnið sé gagnslaust hér á landi, þótt tölurnar gætu bent til þess. Við það bætast niðurstöður á greiningu á gagnasafni Námsmatsstofnunar, sem einnig sýndu engan mun á skólum sem taka þátt í Olweusi og þeim sem gera það ekki. Vera kann að aðrir skólar séu líka með annarskonar átak gegn einelti, sem skili árangri. En einnig er hugsanlegt að það eigi sér stað “gengisfelling” á hugtakinu einelti, að nemendur kalli margt einelti, þótt viðkomandi atvik flokkist ekki undir það samkvæmt skilgreiningum. Slíkt getur haft áhrif á mat á árangri.

Í nýrri skýrslu um árangur af ýmiskonar átaki gegn einelti er bent á að mikilvægt sé í frekari rannsóknum á áhrifum áætlana gegn einelti, að tekið sé mið af þáttum eins og kyni og kynþætti nemendanna (Ttofi og fél., 2008). Einnig sé mikilvægt að rannsaka hvort áhrif af eineltis áætlunum séu ólík eftir því hvaða hlutverk hver nemandi leikur í eineltisatviki (hvort hann er þolandi, gerandi, áhorfandi o.s.frv.). Einnig þurfi að meta þroskaþarfir og almenna getu nemendanna á víðara sviði, enda geti slíkir þættir skýrt árangur. Ttofi og fél. (2008) leggja einnig áherslu á að upplýsingar um framkvæmd áætlana í einstökum skólum þurfi að fylgja með og vera ítarlegar.

Einnig þyrfti að kanna fleiri áhrifaþætti á einelti en þá sem koma fram í skólunum, en hafa í huga að inngríp skóla (og foreldra) er aðeins einn þáttur af mörgum sem geta haft áhrif á umfang eineltis í hverju samfélagi.

Viðtölin sýndu að aðstandendur Olweusarverkefnisins í skólum landsins telja sig illa geta verið án utanaðkomandi aðstoðar, þótt það sé ekki einhlítt. Nokkrir treysta sér vel til þess að reka kerfið áfram án utanaðkomandi aðstoðar, a.m.k í einhvern tíma.

Heimildir

Ragnar F. Ólafsson. (2003) Coping with bullying in schools: Age and gender differences and the relationship between coping strategies and the type and amount of victimisation and perpetration. *Proceeding of the Oxford-Kobe Seminars: Measures to reduce bullying in Schools*. Kobe: St. Catherine's College (University of Oxford) and Kobe Institute. 21-25 maí, 2003 Kobe, Japan.

Ragnar F. Ólafsson, Ragnar P. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson. (1999) Umfang og eðli eineltis í íslenskum skólum. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

Ttofi, M.M.; Farrington, D.P. og Baldry, A.C. Effectiveness of Programmes to Reduce School Bullying. Stokkhólumur: Brottsförebyggande radet.

Viðauki

Punktur úr viðtölum við forsvarsmenn Olweusaráætlunarinnar í 13 skólum víða um land.

Skólar sem hófu innleiðingu 2004

Skóli: _____ 1 _____
Viðmælandi: _____ K _____

1 Hvað hefur virkað vel og hvað illa?

Virkar vel þessi umræða um að fara af stað og hugmyndin að allur skólin sé undirlagður, að allir séu að skoða þetta saman, heljarmikil vakning.

Má samt segja að það sé ekki óskalega mikil jákvæðni gagnvart þessu, aukaálag, svo mikið álag í allskonar endurmenntun, undirbúningi undir venjulega kennslu ýtt til hliðar, vegna mikils vinnuálags.

2 Á hvern hátt er könnunin nýtt?

Fengum aldrei niðurstöður frá Noregi í fyrra, fengum niðurstöður áður. Gagnlegt á svo margan hátt, sjáum hvort sérstakur árgangur kemur illa út. Veltum fyrir okkur hver er ástæðan. Skilgreiningin kannski ekki nógu góð.

Hvað þeir (nemendur) segja um kennarana, hvernig við bregðumst við. Ef þeir segja að við bregðumst ekki við, þá reynum við að taka á því. Niðurstöðurnar geta oft hjálpað manni *verulega*.

3 Hvað myndi gerast er utanaðkomandi afskipti, þ.á m. aðkomu ráðuneytisins yrði hætt. Hvaða áhrif hefði það á meðferð eineltismála í skólanum, ef skólinn yrði einn á báti.

Við færum ekki í kannanirnar lengur, en við myndum halda okkar striki, erum komin með fræðsluna, myndum passa uppá að við myndum ekki gleyma þessu. Dettur ekki upp fyrir. Fyrst og fremst kannanirnar sem eru gagnlegar.

Við erum búin að vera svo lengi í þessu.

4 Annað.

Fannst mjög gagnleg ráðstefnan sem Olweusar verkefnið stóð fyrir – gott að miðla svona á milli.

Skóli: _____ 2 _____
Viðmælandi: _____ S _____

1 Hvað hefur virkað vel og hvað illa?

Það sem er gert markvisst virkar vel, virkar ekki vel þegar allir eru ekki samstíga. Að allir eiga að skipta sér af alltaf, ef það er ekki að gerast, þá virkar það ekki. Upplýsingaflæðið er gott, og erum yfirleitt að ná tökum á þeim eineltismálum sem við komumst að. Finnst þetta virka mjög vel, allir að vinna saman. Finn ekki fyrir því hér á H. (að þetta virki ekki vel).

2 Á hvern hátt er könnunin nýtt?

Þær nýtast, koma upp staðir þar sem þarf að skoða betur, t.d. skólabíllinn, fataklefar, íþróttahúsið. Reynum að leggjast yfir þá staði sem upp koma og bæta. “Ok., Við erum að klikka þarna, þurfum að fylgjast betur með því.”

3 Hvað myndi gerast er utanaðkomandi afskipti, þ.á m. aðkomu ráðuneytisins yrði hætt. Hvaða áhrif hefði það á meðferð eineltismála í skólanum, ef skólinn yrði einn á báti.

Veit ekki alveg. Soldið gott að hafa smá afskiptasemi utanfrá, erum þó búin að vera lengi, vonandi orðinn eðlilegur hluti af skólasterfinu.

Halda utanum kannanir, gefi upplýsingar og veiti fræðslu. Námskeið í haust, t.d. fór á námskeiðið, gott að fara á það.

4 Annað

Finnst þetta mjög gott kerfi og gott að vinna eftir þessu.

Skóli: _____ 3 _____
Viðmælandi: _____ skólastjóri X _____

1 Hvað hefur virkað vel og hvað illa?

Það sem hefur virkað mjög vel er þessir fundir, bekkjafundir, þeir virka mjög vel, vekur börnin til umhugsunar.

Vandmál? Veit ekki hvað ég á að segja. Man ekki eftir neinu í augnablikinu. Heilt yfir hefur þetta bara virkað ágætlega. Bekkjafundir tengdir við lífsleiknitíma, býsna sniðugt og viðheldur þessu.

Þátttaka okkar í Olweusi skilaði okkur heilmiklu. Mjög ánægður með hana.

Vinnan í þessu upphaflega, hún var býsna þung og erfið, mætti kannski segja að hún hefði mátt vera einfaldari. Gengum í gengum það, höfðum það af, var svolítið þungt, mikil vinna og tók krafta kennaranna meðan á þessu stóð. En fínt þegar þetta er komið í gang.

2 Á hvern hátt er könnunin nýtt?

Nýst ágætlega,

Man ekki eftir dæmi.

3 Hvað myndi gerast er utanaðkomandi afskipti, þ.á m. aðkomu ráðuneytisins yrði hætt.

Hvaða áhrif hefði það á meðferð eineltismála í skólanum, ef skólinn yrði einn á báti.

Við myndum alveg klára okkur á því. Já, já, já. Mjög þarft að ganga í gengum þetta Olweusar ferli, hefði ekki viljað missa af því, það styrkti okkur mjög. Núna erum við fullfær um að sjá um þetta sjálfir. Ákveðinn kjarni af kennaraliðinu, meirihlutinn gekk í gegnum þetta og miðlar til nýrra kennara. Gengur sjálfvirkt fyrir sig, orðinn hluti af skólamenningunni.

4 Annað

Nei, held ekki, erum tiltölulega sátt þegar upp er staðið.

Skóli: _____ 4 _____
Viðmælandi: _____ M _____

1 Hvað hefur virkað vel og hvað illa?

Bekkjarfundir virka vel, líka virkað ágætlega bekkjarreglurnar og hringurinn.

Nú eru bekkjarfundir fastir inná á stundatöflu, það var stökkbreyting, í framhaldi af því virkar hringur og bekkjarreglur betur.

Ekki gengið nógu vel skráningarkerfið, eftirlitskerfið. Þó betur í vetur, því við erum búin að breyta um gæslu, áður voru kennara að skiptast á, og misjafnt hvort kennarar voru alltaf úti í gæslu, en nú erum við með skólaliðana í gæslu og það gengur betur.

2 Á hvern hátt er könnunin nýtt?

Kemur að gagni, t.d. síðasta ár fannst okkur við ekki koma nógu vel út þannig að við tókum okkur verlulega á að því leyti að setja bekkjarfundi fast og bæta gæsluna. Svo staðfestir hún líka grun okkar um að eitthvað er í gangi.

3 Hvað myndi gerast er utanaðkomandi afskipti, þ.á m. aðkomu ráðuneytisins yrði hætt.

Hvaða áhrif hefði það á meðferð eineltismála í skólanum, ef skólinn yrði einn á báti.

Komin á strik, heldur áfram þótt ráðuneytið sé ekki með, allavega til skamms tíma.

4 Annað

Skóli: _____ 5 _____

Viðmælandi: _____ H _____

1 Hvað hefur virkað vel og hvað illa?

Vel, góð innleiðing, fá fólkið til að vera allt saman, staðsetja sig allt á sama stað, hvað viljum við, hvað ekki.

Mjög gott að við tókum á þeim hlutum sem okkur fannst við þurfa að bæta, útivistin, viðbrögð við brotum á göngum á opnum svæðum o.s.frv.

2 Á hvern hátt er könnunin nýtt?

Gátum unnið markvisst með svæði, fyrst mikið í frímínútum, einnig í matsal. Gátum brugðist við því, fundum svæði, sem við höfðum ekki áttað okkur á.

Eineltisáætlun skólans, bekkjafundir, mjög ánægð með það úr þessari vinnu, bekkjarfundir hafa skilað miklum árangri, börnin eru mjög ánægð með fundina.

Eineltisplaggöt, notum þau til að taka á málum, látum þau staðsetja þig í því, gefið mjög góða raun, gerir þau líka meðvitaðri.

Skerpir okkur í því hvað er æskilegt og hvað er ósækileg hegðun.

Erfitt að viðhalda hitanum og skerpunni, fólk vill oft... fer að verða rútin, fólk gleymir o.s.frv. Fylgir öllum svona verkefnum, þá erum við og ég að reyna að halda neistinum gangandi.

Reynum að fara í góða vinnu með kennurum þegar niðurstöður koma.

Galdur að vekja upp spurningar sem eru svolítið stuðandi, þannig að fólk taki þetta til sín.

Vandræði að fá foreldra til að sýna þessu áhuga, vinnufundir foreldra, höfum búið til 5 spurningar úr síðustu könnun, sem hefur vísað til einhvers sem kemur illa fram, en þeir foreldrar sem hafa mætt eru mjög ánægðir. Er að hugsa um að breyta þessu og hafa foreldra og nemendur saman.

3 Hvað myndi gerast er utanaðkomandi afskipti, þ.á m. aðkomu ráðuneytisins yrði hætt?

Hvaða áhrif hefði það á meðferð eineltismála í skólanum, ef skólinn yrði einn á báti?

Utanaðkomandi stuðningur er mjög jákvæður á margan hátt, einkum fyrir nýtt starfsfólk, Þorlákur tekur nýtt starfsólk í námskeið, ég er búinn að gera þetta sjálf, virkar ekki nærri því eins vel, nýja fólkið er fullt af áhuga þegar það kemur úr námskeiði frá honum. Virkar sem innsprauta inni starfið hjá okkur.

Verkefnastjórar hafa hist og skipst á skoðunum og það hefur verið mjög mikilvægt fyrir okkur, undir hans stjórn. Mjög mikilvægt.

ÞH hefur stutt okkur við úrvinnslu, hjálpað okkur hvað vert er að skoða. *Mikill* stuðningur af honum.

Mér var dembt inni þetta, konan fór í leyfi, ég fékk ómetanlegan stuðning frá honum.

4 Annað

Skóli: 6
Viðmælandi: D

1 Hvað hefur virkað vel og hvað illa?

Bekkjarfundirnir hafa virkað mjög vel, inngríp STRAX inni málin.

En við höfum ekki staðið okkur nógu vel með þessa staði, íþróttahúsið, ekki gengið nógu vel að útiloka einelti á þessum stöðum. Undirmönnuð.

Einnig gott að starfsfólkið hittist af og til, það er alveg nauðsynlegt, aðhald og “backup”.

2 Á hvern hátt gagnvirkt, kannanirnar?

Finnst þær ágætar, höfum lagt oft fyrir. Þau sem taka þetta í tölvunum, allar spurningarnar koma ekki í sömu röð, það ruglar þau svolítið að það er alltaf verið að spyrja aftur og aftur um það sama, svo er erfit að *bakka*; tæknilegt atriði.

Mjög gott gagn af útkomunni, 99%, farið mjög vel yfir niðurstöðurnar, reynt að bæta það sem þarf að bæta. T.d. búningsklefar, gæslumaðurinn var bara einn, enginn gæslumaður hjá hinu kyninu, tókum fyrir að það *yrði* að fara í sturtu þar til annar gæslumaður var fundinn.

3 Hvað ef aðkomu ráðuneytis yrði hætt? Hvaða áhrif hefði það á meðferð eineltismála. Ef skólinn væri “eyland”.

Það myndi ekki koma okkur vel, þetta er það lítill skóli, okkur finnst mjög gott að hafa verkefnisstjóra hérna í sýslunni. Skólustjórnir réðu hana, nokkrir skólar saman.

4 Annað

Spurning með námsefni, endurnýjun á myndböndum um einelti. Myndböndin orðin 15-20 ár gömul, útlend, talað inná þau og textað. Krakkarnir eru uppteknir af hárgreiðslunni o.s.frv. Foreldrabæklingurinn mjög finn, en það mætti setja meira inná vefsíðuna.

Skóli: _____ 7 _____
Viðmælandi: _____ B _____

1 Hvað hefur virkað vel og hvað illa?

Bekkjarfundirnir eru að virka mjög vel. Almennt notaðir frá 1. og upp í 10. bekk. Rukkuð um fundi ef eitthvað hefur liðið á milli af nemendum, þau virðast kunna vel við þetta form.

Könnunin sjálf, þeim finnst þetta ægilegt, nemendum finnst þetta leiðinlegt, alltaf það sama að spyrja um.

Þetta er svo lítill skóli, ein nemandi hefur áhrif á meðaltalið. Þarf ekki nema einn að fíflast til þess að það sé ekkert að marka niðurstöðuna.

Það hefur verið samræmi í niðurstöðum við það sem maður heyrir hjá krökkunum.

2 Á hvern hátt er könnunin nýtt?

Brýnt okkur, fyrst komum við mjög vel út, svo slakað á klónni, starfmenn komnir með upp í kok, fóru að slaka á í starfinu, kom strax í ljós í könnuninni þar á eftir. Hefur verið markviss bæting hjá okkur.

“Gætir þú hugsað þér að leggja í einelti”... sú tala hefur lækkað jafnt og þétt.

Bætir skólaanda.

Spurningin um “hvenær einelti gerist” sýndi einelti þegar kennari fer út úr stofu. Í ljósi þess reynum við að beita okkur fyrir því að kennarar fari ekki út úr stofunni, klári bara að ljósrita áður en kennslustund hefst.

3 Hvað myndi gerast er utanaðkomandi afskipti, þ.á m. aðkomu ráðuneytisins yrði hætt?

Hvaða áhrif hefði það á meðferð eineltismála í skólanum, ef skólinn yrði einn á báti?

Verkefnisstjóri hefur kynnt niðurstöður könnunarinnar á “stóra foreldrafundinum”. Okkur hefur fundist gott að það sé einhver *utanaðkomandi* sem kynnir niðurstöðurnar, en við myndum alveg geta haldið áfram þessu starfi sjálf, en kannirnar valda því að maður heldur sér betur að verki.

Nú höfum við sett inná skóladagatal fasta umræðufundi um þetta efni hjá starfsfólki, svo við ætlum að halda þessu á lofti hérna.

4 Annað

Notuðum áður sænskt kerfi (Första), fjallar um það hvað maður gerir *eftir* að einhver hefur lent í einelti, en jákvætt við Olweus er *fyrirbyggingin*. Stærstu kostir þessa verkefnis eru fyrirbyggjandi starfið.

Skóli: _____ 8 _____
Viðmælandi: _____ G _____

1 Vel og illa?

Er verkefnastjóri, innleiðing hófst 2004, innleiðingin gekk vel, lítill skóli, fylgdum gæðamatinu sem gerir ráð fyrir fimm atriðum: Eineltiskönnuninni á hverju ári, ætlast til þess að maður hafi a.m.k. fjóra fundi með öllu starfsfólki sínu o.s.frv. Okkur hefur gengið vel að framfylgja öllu nema bekkjafundi, en það er stórt mál, enda hjartað í þessu kerfi. Í skólanum er teymiskennsla og samkennsla árganga, fleiri nemendur í sama rými, mikil þrengsli í skólanum, húsnæðið hefur komið í veg fyrir að hægt væri að sinna þessu almennilega. En í vetur fór unglingadeildin í burtu, og síðan þá hefur þetta gengið betur, rýmra um okkur. Lausar stofur, getum tekið minni hópa út.

Olweusarhringurinn er uppihangandi, búið að fara yfir með öllum hvað einelti er. Þá er maður fljótur að komast að kjarna málsins þegar þarf að fara í eineltismál. Mikilvægt að bæta andann í skólanum.

2 Á hvern hátt er könnunin nýtt?

Kannanir, veitir manni aðhald, maður bregst við. Eftirlitskerfið veitir visst aðhald í þessum málum. Í fyrra þá jókst einelti hjá okkur í einum árgangi, þá fer maður í ákveðnar aðgerðir í framhaldi af því. Ég held það sé verðbólga í svörunum hjá krökkunum. Nemendur 4. bekk vanta þroska til þess að taka þetta. Sumir seinlæsir. Lítill skóli, hver og einn vegur þungt í matinu.

3 Hvað myndi gerast er utanaðkomandi afskipti, þ.á m. aðkomu ráðuneytisins yrði hætt? Hvaða áhrif hefði það á meðferð eineltismála í skólanum, ef skólinn yrði einn á báti?

Hvaða kerfi sem er stendur og fellur með starfsfólki innan skólanna. En það þarf að endurmennta starfsfólk. ÞH er með námskeið fyrir allt nýtt starfsfólk. Þetta myndi leggjast af, þetta veitir manni aðhald, myndi smám saman fjara út. En í hverjum skóla er skylda að hafa áætlun um hvernig tekið er á eineltismálum. Ef ekki Olweus, þá þyrfti það að vera eitthvað annað, sem líka tekur tíma og peninga.

4 Annað?

Vera í Olweusi veitir skólanum aðhald. Og hefur áhrif á skólabrag. Búin að vera hérna vinavika, bæði í vetur og fyrravetur.

Skólar sem hófu innleiðingu 2002

Skóli: _____ 9 _____

Viðmælandi: _____ N _____

1 Hvað hefur virkað vel og hvað illa?

Byrjuðum núna í haust aftur, tókum hlé, vorum 2002 til 2004, ekkert verið virk í millitíðinni, fórum aðeins eftir þessu, en ekki skipulega, fólk vissi ekki lengur hvað Olweus var.

Ákváðum að taka upp að nýju. Hófum síðan fundina, umræðufundur með starfsfólki, 6 hópar, starfsfólk og kennara saman, ræðum stefnuna, hvernig á að bera kennsl á einelti, helstu viðbrögð, og horfðum á Olweusarmyndböndin.

Vel: Samræður starfsfólksins, alls starfsfólks saman, ekki verið að draga í dilka, heldu blandað, notum jafningjafræðslu, krakkar segja frá sinni reynslu og hvaða viðbrögð hafa reynst vel og hvað ekki.

Tókum líka upp Uppbygginastefnuna, passar mjög vel við Olweus. Virkar vel saman.

En erum á fullu núna í Olweusi.

Fengum plaggötin, og lærðum hvernig umræða á að fara fram um þetta. Vorum áður með bekkjarfundi, happa glappa, en núna eru þeir á stundaskrá, gert ráð fyrir heilli kennslustund fyrir það, sem er betra.

Handbók, upprifjun fyrir okkur og svo gott fyrir nýliða.

Í janúar eiga allir að sýna myndböndin, og fá börnin til að geta sett sig í spor þolenda, og setja upp bekkjarreglur. Spurning um að fá kennarana til þess að gera þetta, hvernig get ég stutt kennara til þess að gera þetta - svo þeir fari ekki bara að messa yfir börnunum. Koma inná fundi hjá hvort öðru er gagnlegt og þarf að gera meira af.

2 Á hvern hátt er könnunin nýtt?

Könnunin var tekin núna, en við erum ekki búin að fá niðurstöður.

Kemur í ljós hvað við þurfum að gera.

Gerum þetta í tölvunni.

3 Hvað myndi gerast er utanaðkomandi afskipti, þ.á m. aðkomu ráðuneytisins yrði hætt?

Hvaða áhrif hefði það á meðferð eineltismála í skólanum, ef skólinn yrði einn á báti?

Við gáfumst upp á sínum tíma, að voru tíð skólastjóraskipti hjá okkur, það held ég að sé ástæðan, tíð skipti.

Nú erum við með eineltisteymi, útlistað hver gerir hvað.

Ekki almenn vitneskja áður hjá almennum kennurum og öðrum starfsmönnum, vorum áður bar ein í þessu. Gleymdum íþróttahúsinu, gangavörðum... alltaf einhver sem gleymdist.

Viss formúla (í Olweusarprógramminu), þar af leiðandi meira aðhald.

4 Annað

Starfsmannahandbókin þýdd uppá nýtt. Mjög gott. Gamla þýðingin var ekki nógu góð.

Foreldrahandbókin mjög góð, bæði fyrir foreldra og starfsfólk

Skóli: _____ 10 _____
Viðmælandi: _____ R _____

1 Hvað hefur virkað vel og hvað illa?

Bekkjafundirnir virkra vel, umræðuhóparnir eru alveg magnaðir, eineltishringinn höfum við notað mikið. Unnið með eftirlitskerfið.

Ekki notað hlutverkaleikina, kennarar treysta sér ekki í þetta, að fara í efnið.

Mér finnst verkefnið hafa skilað árangri, alveg tvímælaust.

Nemendur miklu meðvitaðri, þeir láta vita, miklu opnaðir í umræðunni, vinnulagið er breytt, allir vita í hvernig vinnu við förum. Foreldrarnir eru líka meðvitaðir um það sem við erum að gera.

2 Á hvern hátt gagnvirkt. Nýtist könnunin?

Niðurstöður könnunar, við höfum fundað í fyrra um niðurstöður könnunar, og á milli funda.

Bætum ástandið með skólalóðina, leitum að þessum krökkum þótt við vitum ekki nöfnin.

Reynum að leita. Gerum tengslakannanir í sambandi við þetta líka, förum s.s. aðrar leiðir að því að finna þessa einstaklinga.

3 Hvað ef aðkomu ráðuneytis yrði hætt? Hvaða áhrif hefði það á meðferð eineltismála. Ef ein á báti?

Erum búin að ræða þetta aðeins.

Mér finnst ofboðslega gott að hafa þennan stuðning, er hrædd um að þetta hætti, aðhaldið gott, að fá póst annað slagið.

4 Annað

Mjög ánægður með að vera í þessu verkefni.

Völdum svolítið og höfnuðum.

Skóli: _____ 11 _____
Viðmælandi: _____ skólastj V _____

1 Hvað hefur virkað vel og hvað illa?

Virkar vel ef menn fylgja leiðbeiningunum, það virkar, ef ekki er farið eftir leiðbeiningum, þá virkar þetta ekki.

Strúktur, vinnulag, og það þarf að uppfylla ákveðin skilyrði, bekkjarfundi, starfsamannafundirnar, eineltishringurinn, kerfið virkar vel ef farið er eftir því.

Mönnum vex þetta í augum til að byrja með, mikil vinna, en það sem menn sjá ekki er að þetta skilar sér. Eftir tvö ár þá skilar þetta sér.

Við slökuðum á klónni. Eftir 2 ár fórum við að slaka á. Gengur ekki. Könnunin sýndi það.

2 Á hvern hátt er könnunin nýtt?

Könnunin er táknað, allir með, skilaboð um að allir séu með. Krakkarnir eru með. Könnunin er *atburður*, ekki þjóðhátíðardagur ☺, en hefur ákveðna merkingu. Nú erum við að skoða hvernig við stöndum.

Komum ekki vel út á síðasta ári, settum upp gátlista, þetta áttu að vera búinn að gera fyrir þennan tíma. Allir með þetta á hreinu. Endurskoðuðum útisvæðið, lögðum meiri áherslu á bekkjafundina.

3 Hvað ef aðkomu ráðuneytis og annarra utanaðkomandi yrði hætt? Hvaða áhrif hefði það á meðferð eineltismála í skólanum. Ef ein á báti? Hvernig myndi skólanum reiða af?

Þetta verður að vera á landsvísu, þarf að koma “input”, einkum vegna þess að KHÍ útskrifar kennara, sem hafa bara lesið um Olweus í dagblöðum, eða hafa ekkert heyrt um það. Þessi nýliðun er að einhverju marki, þarf símenntun, við þessi gömlu þurfum líka símenntun. Það þarf að þjálfar upp, ÞH var með námskeið, þjálfar upp nýja leiðtoga inni hópnum. Leiðtoginn okkar var orðinn þreyttur (eftir 6 ár). “Innputtið” verður að vera áfram.

4 Annað

Við ræddum það á fundi um daginn af því við vorum að undirbúa stóru umræðuhópna, það er enginn kennari hér við stofnunina, sem hefði viljað sleppa þessu. Þeim finnst ekkert geta komið í staðinn fyrir þetta.

Skóli: _____ 12 _____
Viðmælandi: _____ U _____

1 Hvað hefur virkað vel og hvað illa?

Fundur um Olweus fyrir hálfum mánuði.

Við höfum slakað á, starfsmenn kvörtuðu, fannst skipta máli að allir væru með, þessu haldið vakandi.

2 Á hvern hátt gagnvirkt/gagnleg rannsóknin?

Er niðurstaða verri en síðustu ár? Oftast einn bekkur sem kemur verr út en aðrir, í samræmi við það sem við höfum verið að upplifa, sannfærir okkur um að það þurfi að taka á þarna.

3 Hvað ef aðkomu ráðuneytis yrði hætt? Hvaða áhrif hefði það á meðferð eineltismála? Ef ein á báti?

Erum mjög háð Þorláki, ÞH heldur okkur við efnið og passar uppá.

4 Annað

Skóli sem hætti, er byrjaður aftur.

Skóli: _____ 13 _____

Viðmælandi: _____ J _____

1 Hvað hefur virkað vel og hvað illa ?

Bekkjarfundir skiluðu sér vel,

Starfsmannafundir líka.

Eins og áður: Of flókin umgjörð, hraus hugur á þeim tíma , kostnaður, sem reyndist ekki vera. Nú er þetta allt einfaldara við að eiga.

Erum að ganga inni þetta aftur.

Gerum kannanir á líðan nemenda - og við vildum nýta úr þessu Olweusarbatteríi áfram, höfðum fengið rangar upplýsingar áður.

2 Á hvern hátt er könnunin nýtt?

3 Hvað ef aðkomu ráðuneytis yrði hætt? Hvaða áhrif hefði það á meðferð eineltismála. Ef ein á báti?

Erum með eineltisáætlun sem við vinnum eftir og 3ja ára rammaáætlun með föstum

könnunum, á hverju ári er könnun á líðan nemenda, sem er háflgerð eineltiskönnun.

Bekkjarfundirnir hafa verið hjá okkur, kannski ekki í svo föstu formi eins og Olweus gerir ráð fyrir.

4 Annað

